



LÝSING

Viðloðunargrunnur er fjölvirkt efni sem einnig má nota við glerjun með pólýúreþani. Um er að ræða efni sem eykur viðloðun glers, keramikprents, og málningarefna, og má nota með öllum PUR lím- og þéttiefnum. Viðloðunargrunnur virkjar einnig PUR grunnlökk og RIM lökk.

EIGINLEIKAR

- Fullnægir kröfum framleiðenda farartækja (UV vörn og öldrun)
- Mjög mikið þol gagnvart UV-geislun
- Hröð viðloðunaraukning
- Límir á eldri PUR límleifar
- límir á PUR grunnlökk
- Límir á RIM málningarefni
- Límir á alla algenga málningu og lökk
- Límir gler og keramikprent

TÆKNILÝSING

Innihaldsefni	: virk pólýúreþan viðhengi (adducts)
Litur	: svartur
Eðlisástand	: vökvi
Lykt	: einkennandi
Eðlismassi við 20 °C	: 0,93 g/cm ³
Blossamark	: -4 °C
Suðumark	: 76 °C
Notkunarhitastig	: 10 °C - 50 °C
Tími milli verkþátta	: lágmark 10 mín. við 23 °C/50 % raka
Líftími í umbúðum	: 12 mán við 0 - 35 °C í óopnuðum umbúðum
Líftími í opnuðum umbúðum	: Notið 10 og 30 ml glös strax, 100 ml flösku innan 3ja daga

NOTKUNARSVIÐ

Notað sem viðloðunarefni og UV vernd á límefti fyrir beina glerjun. Einnig sem viðloðunarefni fyrir PUR lökk (t.d. Volkswagen), viðloðunarefni fyrir eldri PUR límleifar og RIM lökk (t.d. Opel).



LEIÐBEININGAR

Áður en Viðloðunargrunnurinn er borinn á, skal tryggja að límflötur sé hreinn og laus við feiti.

Mælt er með hreinsun límflata með Liquiclean 1599 eða hreinsi og þynni, bæði boddímegin og á gleri eða keramikprentuðum flötum. Viðbótarhreinsun með Liqui Moly Window Cleaner Foam er nauðsynleg til að fjarlægja öll óhreinindi. Hristið kröftuglega fyrir notkun (a.m.k. í 45 sek eftir að blöndunarkúlar fara hreyfast frjálst).

Athugið

Þessi vara er viðkvæm gagnvart raka. Leifum í glösum og 30 ml flöskum skal farga eftir fyrstu notkun. 100 ml flöskum sem hafa verið opnaðar, skal loka svo fljótt sem unnt er, og getur innihald þá geymst í allt að 3 daga.

UMBÚÐASTÆRÐIR

Viðloðunargrunnur
30 ml álfaska
30 ml álfaska
100 ml álfaska

10 ml glas Vörunr. 6180 D-GB-F-I-E-NL-P
Vörunr. 6181 D-GB-F-I-E-NL-P
Vörunr. 7549 D-RUS-UA
Vörunr. 6182 D-GB-F-I-E-NL-P